



Háskólinn á Hólum **Ársskýrsla 2017**



Efnisyfirlit

Aðfaraorð	2
Stjórn og stoðþjónusta	3
Framkvæmda- og háskólaráð	3
Fjöldi starfsmanna	4
Stoðþjónusta	5
Fjármála- og þjónustusvið	5
Tölvu- og tæknimál	5
Bókasafn	5
Kynningarmál	6
Deildir	7
Ferðamáladeild	7
Nám og kennsla	7
Mannauður og stjórnun	8
Rannsóknir	9
Þjónusta og samstarf	10
Fiskeldis- og fiskalíffræðideild	13
Innra starf deildar	13
Nám og kennsla	15
Rannsóknir	16
Þjónusta og samstarf	17
Hestafræðideild	18
Nám og kennsla	18
Rannsóknir	19
Önnur verkefni	20
Kennslu- og framhaldsnámssvið	22
Rannsóknasvið	25
Starfsemi	25
Rannsóknavirkni	25
Viðauki I. Birtingar	27
Viðauki II. Reikningar Háskólans á Hólum	38

Aðfaraorð

Háskólinn á Hólum býður upp á nám á fræðasviðum sem eru nátengd landfræðilegri stöðu skólans. Sérhæfing náms við háskólann er á fræðasviðum ferðamála í dreifbýli, viðburðastjórnunar, stjórnunar ferðaþjónustu og móttöku gesta, fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði og hestafræða, með áherslu á reiðmennsku og reiðkennslu. Fyrirkomulag námsins er ýmist staðbundið þar sem nemendur búa heima á Hólum, eða í næsta nágrenni skólans, eða blandað nám (fjarnám með staðbundnum lotum), óháð búsetu.

Háskólinn bauð upp á nám í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta í fyrsta sinn á haustmisseri og innrituðust 12 einstaklingar til náms. Námið var hannað í góðu samráði við ferðaþjónustuaðila og væntum við þess að námið móti einstaklinga til þátttöku í stjórnun og stefnumótun ferðaþjónustu. Háskólinn var virkur þátttakandi í Erasmus verkefnum á árinu og tók auk þess á móti tveimur handhöfum Fulbright styrkja til skemmri dvalar, að ótöldum heimsóknum fræðimanna tengdum alþjóðlegu rannsóknasamstarfi háskólans.

Á Hólum er góð aðstaða til móttöku námshópa og ráðstefnuhalds og í ár hélt Vistfræðifélag Íslands ráðstefnu sína þar. Var ráðstefnan einstaklega vel heppnuð og viðburðurinn háskólanum og fræðasamfélaginu mikil lyftistöng. Starfsfólk skólans fagnar komu fræðimanna heim að Hólum, nú sem endranær, og leggur sig fram um að kynna háskólaþorpið Hóla sem vettvang til samráðs og samveru.

Hólar láta engan ósnortinn og enn eitt árið miðlaði starfsfólk háskólans þekkingu sinni til fjölda nemenda og samstarfsmanna í einstakri umgjörð. Orðspor og hróður háskólans vex með ári hverju og jafnt og þétt fjölgar í hópi Hólamanna.

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor

Stjórn og stoðþjónusta

Framkvæmda- og háskólaráð

Stjórn Háskólans á Hólum er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar heildarstefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag háskólans. Rektor Háskólans á Hólum er Erla Björk Örnólfsdóttir. Rektor er formaður háskólaráðs. Í háskólaráði sátu, auk rektors, Katrín Sigurðardóttir (Óttar Guðjónsson varamaður), tilnefnd af mennta- og menningarmálaráðherra, Sveinn Ragnarsson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (Mette Camilla Moe Mannseth og Laufey Haraldsdóttir, varamenn) fulltrúar starfsmanna Háskólans á Hólum, Jónína Lilja Pálmadóttir (Fríða Hansen, varamaður) fulltrúi nemenda og Jón Eðvald Friðriksson og Sævar Skaptason (Sigurbjörn Bárðarson, varamaður), valdir til setu af fyrrgreindu fimm manna háskólaráði, samanber lög um opinbera háskóla.

Framkvæmdaráð háskólans sinnir daglegum rekstri og samræmir starf sviða og deilda. Í því sátu Erla Björk Örnólfsdóttir rektor, Bjarni Kristófer Kristjánsson deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalífræðideildar, Guðmundur Björn Eypórsson skrifstofu- og fjármálastjóri, Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri Ferðamáladeildar og Sveinn Ragnarsson deildarstjóri Hestafræðideildar.



Ferðamálaráðherra við lok heimsóknar að Hólum

Fjöldi starfsmanna

Árið 2017 unnu 60 starfsmenn við Háskólann á Hólum, í 45,6 stöðugildum. Þessi mikli munur milli fjölda starfsmanna við skólann og stöðugilda skýrist að hluta til af starfsmannaveltu, ráðningu sumarstarfsmanna og framhaldsnema á launaskrá. Yfir sumarið kom fólk til starfa við ýmsar rannsóknir innan deildanna, við staðarhald og á skólabúinu. Fastir starfsmenn við skólann voru aftur á móti 52, í 44,0 stöðugildum.

Á árinu hófu störf við skólann: Inga María S. Jónínudóttir, reiðkennari, Guðmundur Kristinn Guðmundsson, aðstoðarmaður á skólabúi, David Roger Benhaim, lektor Fiskeldis- og fiskalíffræðideild, Christian Beuvard og Rakel Þorbjörnsdóttir, aðstoðarmenn tilrauna Fiskeldis- og fiskalíffræðideilar í Verinu, Þórir Erlingsson, kennari Ferðamáladeild, Rafnkell Jónsson, staðarumsjónarmaður, og Þuríður Helga Jónasdóttir, aðstoðarmaður staðarumsjónarmanns. Á árinu létu af störfum: Artemisia Bertus, reiðkennari, Áskell Heiðar Ásgeirsson og Bergþóra Aradóttir, kennarar í Ferðamáladeild, Dagur Þór Baldvinsson, aðstoðarmaður tilrauna Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar í Verinu og Soizic Nicole le Deuff, stöðvarstjóri Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar í Verinu. Eru þeim þökkun vel unnin störf í þágu skólans. Í maí var hoggið skarð í hóp starfsmanna, er Guðmundur Guðmundsson aðstoðarmaður staðarumsjónarmanns varð bráðkvaddur.



Frá starfsmannafundi

Stoðþjónusta

Fjármála- og þjónustusvið

Hlutverk fjármálasviðs er að annast fjárreiður skólans í umboði rektors. Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður fjármálasviðs og hefur hann yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar sem er unnin í samvinnu við framkvæmdaráð skólans. Á fjármálasviði er bókhald skólans unnið og eftirlit haft með því að rekstur sé í samræmi við gildandi heimildir.

Skrifstofu- og fjármálastjóri er yfirmaður þjónustusviðs. Þjónustusvið hefur yfirumsjón með mannauðsmálum og annarri þjónustu við starfsmenn, nemendur og gesti skólans, ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum. Undir þjónustusviðið heyrir tölvuþjónusta, staðarhald, þjónustuborð og bókasafn. Starfsmenn sviðsins voru sjö á árinu, í 7,5 stöðugildum.

Tölvu- og tæknimál

Samstarf Háskólans á Hólum við aðra háskóla í tölvu- og tæknimálum hefur verið farsælt og um árabíl hefur skólinn verið hluti af RHneti (www.rhnet.is). Skólinn hefur notið góðs af samstarfi opinberu háskólanna, en í því felst meðal annars sameiginlegur rekstur á innri vef (ugla.holar.is) og nemendabókhaldskerfi, sem og kennslukerfinu Moodle. Bæði kerfin voru sett upp í samstarfi við Reiknistofnun Háskóla Íslands (nú Upplýsingatæknisviði HÍ) og eru hýst þar. Einnig hafa starfsmenn og nemendur nýtt sér Skemmuna (www.skemman.is), en það er sameiginlegur vefur er hýsir lokaritgerðir allra nemenda við háskóla landsins auk fræðilegra greina starfsmanna. Eins og mörg undanfarin ár hefur skólin notað póst- og vefþjónustur hjá Google með góðum árangri. Notkun fjarfundabúnaðar (Polycom HDX-7000) til þátttöku á fundum sem og til kennslu var almenn á árinu.

Bókasafn

Á árinu var samstarfi við Bókasafn Háskólans á Akureyri (HA) um skráningu og þjónustu við lánþega haldið áfram. Þetta samstarf hófst 2010 og upphaflega voru starfsmenn safnsins eru með viðveru á Hólum aðra hverja viku og auk þess eftir þörfum tengt staðbundinni kennslu. Haustið 2017 var dregið úr fastri viðveru, enda veitir starfsfólk nemendum og kennurum þjónustu í gegnum tölvupóst og síma.

Kynningarmál

Kynningarmál skólans voru einkum þátttaka í Háskóladeginum, sem fram fór í Reykjavík og sjö bæjarfélögum vítt og breitt um landið. Eins og áður þá taka nemendur Háskólans á Hólum virkan þátt í kynningarstarfi skólans.



Fulltrúar Stúdentafélags Háskólans á Hólum að Bessastöðum á fullveldisdeginum

Deildir

Háskólinn á Hólum býður nám í þremur deildum: Ferðamáladeild, Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Hestafræðideild.

Ferðamáladeild

Nám og kennsla

Ferðamáladeild býður upp á fimm námsleiðir: Diplóma í ferðamálafræði, diplóma í viðburðastjórnun, BA í ferðamálafræði, BA í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta og MA í ferðamálafræði.

Útskrifaðir voru alls 43 nemendur við tvær athafnir, í júní og október. Í júní útskrifuðust samtals 37 nemendur frá deildinni: 17 með diplómu í viðburðastjórnun, einn með diplómu í ferðamálafræði og 19 með BA gráðu í ferðamálafræði. Í október útskrifuðust sex nemendur frá deildinni: Þrír með diplómu í viðburðastjórnun og þrír með BA gráðu í ferðamálafræði.

Haustið 2017 hóf ný námsleið göngu sína við deildina, þegar boðið var upp á nám til BA gráðu í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta (e. *hospitality and tourism management*). Markmiðið með stofnun þessarar námsleiðar var að mæta þörfum atvinnugreinarinnar fyrir menntað starfsfólk og stjórnendur á þessu sviði ferðamála. Fyrsta námsár er að miklu leyti samkennt með námsleiðum í ferðamálafræði, en meiri sérhæfing er á öðru og þriðja námsári.



Nýnemar við Ferðamáladeild

Haustið 2017 voru 64 nýnemar innritaðir í deildina. Þar af voru 15 í ferðamálafræði á grunnnámsstigi (FDP og FBA), 14 nýnemar í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta, 31 í diplómunámi í viðburðastjórnun, og fjórir í MA námi í ferðamálafræði. Af þessum 64 innrituðum að hausti við deildina hafa 19 hætt námi. Þann 15. október voru innritaðir nemendur í deildinni sem hér segir:

Í diplómunámi í viðburðastjórnun (FDV):	37
Í diplómunámi í ferðamálafræði (FDP):	6
Í BA-námi í ferðamálafræði (FBA):	44
Í BA-námi í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta (FSG)	11
Í MA-námi í ferðamálafræði (FMA) :	5

Mannauður og stjórnun

Fastráðið starfsfólk við deildina er einn prófessor í 50% starfi fyrri hluta árs (jan.-júlí) og 20% starfi seinni hluta árs (ág.-des.), en viðkomandi starfar jafnframt við Háskólann í Suðaustur-Noregi, tveir lektorar í 100% starfi og einn lektor í 84% starfi. Þá voru tveir akademískir starfsmenn fastráðnir við deildina á árinu, annar í febrúar og hinn í ágúst. Báðir starfsmenn fóru í gegnum hæfnimat og hlutu starfsheitið lektor skv. reglum HH um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna. Þá voru ráðnir tveir starfsmenn með tímabundna samninga, til eins eða tveggja ára. Að auki voru sjö sérfræðingar ráðnir til stundakennslu við deildina, allir sem verktakar í einstökum námskeiðum. Fimm starfsmenn annarra deilda háskólans komu að kennslu við Ferðamáladeild á árinu 2017

Laufey Haraldsdóttir lektor sinnti áfram deildarstjórástöðu 2017. Fulltrúi deildar í framhaldsnámsnefnd var Ingibjörg Sigurðardóttir lektor. Fulltrúi deildar í kennslunefnd var Anna Vilborg Einarisdóttir. Fulltrúi deildar í rannsóknarnefnd var Amy Sävenér lektor. Fulltrúar deildar í námsnefnd voru Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri og Þórir Erlingsson aðjúkt. Fulltrúar nemenda á deildarfundum: Helga Þórarinsdóttir, FBA var fulltrúi á deildarfundum á vorönn 2017, en Bergrós Guðbjartsdóttir FSG og Erla Mist Magnúsdóttir FDV, voru fulltrúar á deildarfundum á haustönn. Fulltrúar nemenda í námsnefnd deildarinnar voru Brynjar Darri Sigurðsson FBA og Erla Lind Guðmundsdóttir FDV.

Deildarfundir voru tíu á árinu eða mánaðarlega, fyrir utan júlí og ágúst. Kennarafundir voru tveir, í febrúar og júní, en það eru vinnufundir kennara í deildinni. Á febrúarfundum var farið yfir Bologna kerfið og hvernig deildin nýtir það kerfi við skipulagningu kennslu og námsmats.

Á júní-fundinum var unnið að endurskoðun meistaranáms við deildina, og naut deildin við það aðstoðar utanaðkomandi sérfræðings, Dr. Kathleen Andereck frá Arizona State University.



Þórir Erlingsson og Anna Vilborg Einarisdóttir ásamt Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands við undirritun yfirlýsingar um ábyrga ferðaþjónustu

Rannsóknir

Rannsóknaverkefni voru einkum á eftirfarandi sviðum: Viðburðastjórnun, hestaferðaþjónustu, leiðsögn í ferðaþjónustu og náttúruvernd, og stjórnun á áfangastöðum ferðamanna og þá einkum á áfangastöðum tengdum náttúruperlum og -lífríki.

Á árinu birtu starfsmenn deildarinnar þrjár ritrýndar greinar í tímaritum og eina í ráðstefnuriti, auk einnar rannsóknarskýrslu. Tveir starfsmenn deildarinnar stóðu að útgáfu handbókar í hestaferðaþjónustu, í samvinnu við norskan samstarfsaðila og ritstýrðu einnig bók sem inniheldur greinar um rannsóknir á Landsmóti hestamanna. Starfsmenn deildarinnar komu að birtingu sjö bókarkafla í ritstýrðri bók, og einn starfsmaður birti rannsóknarniðurstöður sínar á veggspjaldi. Þá flutti starfsfólk deildarinnar ellefu fyrirlestra á alþjóðlegum ráðstefnum innanlands og utan, sem og tólf fyrirlestra á innlendum ráðstefnum, málþingum og fundum.

Þjónusta og samstarf

Fulbright. Dr. Kathleen Andereck, prófessor við fylkisháskólann í Arizona (Arizona State University) dvaldi á Hólum í júní. Kathleen kom hingað á Fulbright styrk sem sérfræðingur í þróun námskrár og námsefni á háskólastigi. Sérvið hennar er þróun og stjórnun náttúruauðlinda, samfélagsþróun og ferðaþjónusta, en hún er í forsvari fyrir námskrágerð við *the College of Public Service & Community Solutions* og forstöðumaður *School of Community Resources and Development* innan háskólans í Arizona.

Dr. Andereck dvaldi í nokkrar vikur á Hólum og vann með kennurum Ferðamáladeildar að endurskoðun á meistaranámi deildarinnar. Þá hefur hún, með starfsfólki deildarinnar, skoðað möguleika varðandi námsdvöl nemenda frá háskólanum í Arizona hérlandis og námskeiðahald á Hólum í tengslum við það.



Fulbright styrkþegi, dr. Kathleen Andereck

Ráðstefna. Fimmtudaginn 21. september stóð Ferðamáladeild fyrir ráðstefnu um viðburði og stjórnun þeirra. Um 70 manns sóttu ráðstefnuna sem haldin var á efstu hæð menningarhússins Hörpu. Laufey Haraldsdóttir deildarstjóri Ferðamáladeilar og Áskell Heiðar Ásgeirsson

viðburðastjóri og kennari við Ferðamáladeild stóðu að skipulagningu ráðstefnunnar og Jakob Frímann Þorsteinsson var ráðstefnustjóri.

Aðalfyrirlesari var Michelle Lanham - Senior Lecturer við *UK Centre for Events Management* í Leeds Beckett University í Bretlandi. Bar erindi hennar heitið: „Creative Event Management - Designing authentic and memorable experiences for the consumer“. Ferðamáladeildin hefur um árabíl átt gott samstarf við Leeds Beckett University í Leeds á sviði viðburðastjórnunar, bæði í gegnum kennara- og nemendaskipti og sameiginlegar rannsóknir á sviði viðburða. Til gamans má geta að báðar þessar deildir voru stofnaðar árið 1996 og héldu því upp á 20 ára afmæli á síðastliðnu ári.

Haldnar voru kynningar sem sýndu hina fjölbreyttu flóru viðburða sem haldnir eru á Íslandi ár hvert. Viðburðastjórar og skipuleggjendur sögðu frá reynslu sinni, áskorunum, lærdómi og ávinningi af viðburðahaldi. Auk þess sem fjallað var um rannsóknir á viðburðum á Íslandi.

Viðburðurinn var að þessu sinni hluti af staðbundinni lotu nemenda í námskeiðinu „Viðburðastjórnun“ og tóku þeir virkan þátt í ráðstefnunni og umræðum þar.



Frá ráðstefnunni Viðburðalandið Ísland á vegum Háskólans á Hólum

Samstarf um sérverkefni. Deildarstjóri sat í stjórn Ferðaþjónustunnar á Hólum, það gerði einnig Þórir Erlingsson, sem gegndi stöðu stjórnarformanns og jafnframt framkvæmdarstjóra Ferðaþjónustunnar. Á haustmánuðum 2017 tók Ingibjörg Sigurðardóttir að sér að sitja í undirbúningshópi fyrir ráðstefnuna Landssýn 2018. Deildarstjóri sat áfram í stjórn

Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Líkt og áður var Ferðamáladeild í samstarfi við Selasetur Íslands á Hvammstanga með sameiginlegum starfsmanni stofnananna.

Starfsfólk Ferðamáladeildar tók þátt í ýmsum samvinnuverkefnum. Ferðamáladeild á fulltrúa í stjórn Fornverkaskólans, í stjórn Matarkistu Skagafjarðar sem hýst er hjá Sveitarfélaginu Skagafirði og þá situr deildarstjórissitur í stjórn Menningarráðs Norðurlands Vestra.

Í fagráði deildarinnar sitja fulltrúar frá Ferðamálastofu, Samtökum ferðaþjónustunnar, Ferðamálasamtökum Íslands og Ferðaþjónusta bænda, ásamt deildarstjóra.



Kammerkór Skagafjarðar syngur á brautskráningu að vori

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild

Innra starf deildar

Árið var gott í starfi Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Fjöldi nemenda sótti nám við deildina í lengri eða styttri tíma. Innan deildarinnar hefur tekist að viðhalda góðu vinnuumhverfi og oft hafa myndast vináttutengsl sem viðhaldast löngu eftir að nemendur halda til annarra starfa.

Á árinu var David Benhaïm ráðinn í stöðu dósents við deildina. Í upphafi var staða hans sameiginleg á milli Háskólans á Hólum og Matís, en síðari hluta ársins stóð Háskólinn á Hólum einn að henni. Stefán Óli Steingrímsson fékk framgang í sröðu prófessors við deildina á árinu. Þá hætti Soizic LeDeuff störfum sem stöðvarstjóri í Verinu. Soizic hafði starfað við deildina um árabil, en áður hafði hún lokið meistaranámi frá henni. Einnig hætti Dagur Þór Baldvinsson störfum sem tæknimaður í rannsóknarstöðinni í Verinu. Kári Heiðar Árnason tók við störfum stöðvarstjóra og þau Christian Beuvarð og Rakel Þorbjörnsdóttir voru ráðin sem tæknimenn. Bjarni Kristófer Kristjánsson, deildarstjóri, var í rannsóknaleyfi á vormisseri og dvaldi við fræðistörf í Uppsala í Svíþjóð. Gegndi Stefán Óli Steingrímsson störfum deildarstjóra í fjarveru Bjarna.



Kveðjuhóf fyrir Soizic í Verinu

Fagráð deildarinnar fundaði og lagði fram áherslur í tengslum við endurmenntun á fræðasviði fiskeldis og kynningarstarf á námi í fiskeldi. Fagráðið skipa Arnþór Gústavsson, Heiðdís Smáradóttir og Höskuldur Steinarsson. Í samstarfi við fagráðið, og við þær menntastofnanir sem tengjast menntun í fiskeldi, var á haustdögum haldinn fundur á Hólum, til þess að ræða nám í fiskeldi á framhaldskólastigi á Íslandi.

Á árinu störfuðu tveir Fulbright styrkþegar við deildina. Jay Nelson prófessor við Towson-háskólann í Maryland í Bandaríkjunum dvaldi við hana í hálft ár og vann að rannsóknum á umhverfislífeðlisfræði fiska, í samstarfi við Helga Thorarensen. Í september kom Christina Anaya doktorsnemi frá Oklahoma State háskólanum í Bandaríkjunum til starfa. Hún vann að rannsóknum á fjölbreytileika sníkjudýra, í samstarfi við Bjarna K. Kristjánsson. Christina mun dvelja í heilt ár við deildina.



*Undirritun samstarfssamnings Háskólans á Hólum og Matís um stöðu vísindamanns.
David Benhaim, Erla Björk Örnólfsdóttir og Sveinn Margeirsson.*

Nám og kennsla

Á árinu stunduðu 37 nemendur nám við deildina. Á árinu útskrifuðust átta einstaklingar frá henni: Sjö úr diplómunámi í fiskeldisfræði og einn með MS gráðu í sjávar- og vatnalíffræði. Átta einstaklingar innrituðust í diplómunám í fiskeldi, og er það nálægt meðalfjölda nemenda frá upphafi árið 1986, sem er u.þ.b. sex á ári. Einn nemandi innritaðist í meistaranám í sjávar- og vatnalíffræði og voru sex nemendur skráðir í það nám á árinu. Til viðbótar við meistaranámið unnu 12 nemendur að doktorsverkefnum undir leiðsögn sérfræðinga deildarinnar. Allir eru doktorsnemarnir skráðir við aðra háskóla. Eins og áður, tók deildin á móti nokkrum erlendum skipti- og verknumum, alls sjö á árinu.

Fiskeldis- og fiskalíffræðideild hefur um langt árabil verið í góðu samstarfi við Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Á árinu var boðið upp á átta vikna námskeið fyrir nemendur þess skóla og sátu sex nemendur það. Auk þess fóru Helgi Thorarensen, Ólafur Sigurgeirsson og David Benhaïm til Kamerún og héldu námskeið þar. Starfsmenn deildarinnar koma að kennslu við báðar hinar deildir háskólans og kenndu þar í fjórum námskeiðum á árinu. Jafnframt komu þeir að kennslu í fjórum námskeiðum við aðra opinbera háskóla. Hlutfall erlendra nemenda við deildina var hátt, um 70%, og komu nemendur frá 11 þjóðlöndum.




Kreisting á bleikju


Rannsóknir

Enn sem fyrr var unnið öflugt rannsóknarstarf við deildina, í fjölmörgum verkefnum er tengdust sérsviðum hennar. Deildin er augljós valkostur til samstarfs á sviði fiskeldis- og vatnalíffræði og komu fjölmargir innlendir og erlendir fræðimenn að rannsóknarverkefnum við hana. Deildin hefur markvisst unnið að uppbyggingu rannsóknaraðstöðu sinnar og hefur fengist til þess rausnarlegur styrkur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Auk þess fékkst á árinu myndarlegur styrkur frá Innviðasjóði Rannís, til uppbyggingar á miðstöð fyrir rannsóknir í umhverfislífeðlisfræði.

Afrakstur rannsókna deildarinnar hefur verið kynntur í ræðu og riti. Á árinu voru birtar fimm greinar í ISI tímaritum, auk einnar annarrar greinar. Starfsfólk og nemendur deildarinnar héldu 58 fyrirlestra á alþjóðlegum og innlendum ráðstefnum og í boði háskóladeilda, auk þess að kynna 12 veggspjöld.



Mynd 1. Fjöldi fyrirlestra og vísindagreina starfsmanna Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar.



Helstu metlar á útlitsbreytileika bleikjuseiða

Þjónusta og samstarf

Háskólinn á Hólum annast bleikjukynbætur samkvæmt samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Samningurinn kveður m.a. á um að Háskólinn á Hólum skuli sjá bleikjuframleiðendum á Íslandi fyrir hrognum úr kynbættum stofni og að ekki sé heimilt að selja hrogn af stofninum úr landi. Kynbæturnar eru fjármagnaðar að hluta til með framlagi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Á árinu var samningur skólans við ráðuneytið endurnýjaður.

Starfsmenn Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sátu í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera, sem lúta að faglegum málefnum. Skúli Skúlason var í nefnd um erfðabreyttar lífverur, þar sem að Stefán Óli Steingrímsson er varamaður. Skúli var á árinu formaður nefndar um ráðningu rektors við Landbúnaðarháskóla Íslands, formaður faghóps eitt í þriðju áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og sat sem fulltrúi Háskólans á Hólum í ráðgjafarnefnd gæðaráðs háskólanna, þar sem Bjarni K. Kristjánsson var varamaður. Auk þess sat Skúli sem fulltrúi háskólanna í ráðgjafarnefnd landsáætlunar um innviði til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Bjarni K. Kristjánsson var í ritnefnd *Environmental Biology of Fishes* og Helgi Thorarensen í ritnefnd *Aquaculture*, auk stjórnarsetu í Nordic RAS sem heldur reglulega ráðstefnur um endurnýtingarkerfi í fiskeldi.

Hestafræðideild

Nám og kennsla

Alls stunduðu 54 nemendur nám við Hestafræðideildina á árinu. Brautskráðust 18 með BS próf í reiðmennsku og reiðkennslu og fjórir með diplómugráðu sem leiðbeinendur.

Tuttugu nemendur voru teknir inn haustið 2017 og hófu þriggja ára BS nám í reiðmennsku og reiðkennslu. Háskólinn getur einungis tekið inn tæpan helming þeirra umsækjenda sem óska eftir að komast í námið, þó stór hluti þeirra standist inntökupróf. Undirbúningur á þróun MS náms var hafinn á árinu og er því ætlað að mæta þörf á framhaldsmenntun einstaklinga sem hafa brautskráðst með BS gráðu í reiðmennsku.

Nemendur og kennarar tóku þátt í ýmsum viðburðum innan og utan skólans, s.s. hestamótum, kennslusýningum og æfingakennslu í reiðmennsku, í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla héraðsins. Einnig var hin árlega kennsluvika sérlega vel heppnuð, þegar nemendur úr grunnskólum í Skagafirði koma í eina viku að Hólum, þar sem nemendur á 1. ári í Hestafræðideild kenna þeim hestamennsku.



Skagfirskir grunnskólanemar á reiðnámskeiði að Hólum

Einn reiðkennari hætti störfum í árslok, Linda Rún Pétursdóttir, og í hennar stað hóf Inga María Jónínudóttir störf. Bergur Gunnarsson hætti einnig um áramót sem starfsmaður

skólabús, og nýr maður var ráðinn í staðinn, Guðmundur Kristinn Guðmundsson. Deildin byggði starf sitt að töluverðu leyti á stundakennurum og fylgdi því nokkurt óöryggi sem áhrif hafði á skipulag, þróun náms og rannsóknir.

Skólinn á um 100 hross og er tæpur helmingur þeirra tamdir kennsluhestar. Umfang hrossaræktarinnar hefur verið svipað um árabil en níu folöld fæddust á árinu. Ein hryssa var sýnd í kynbótadómi og hlaut í meðaleinkun 8,02. Reiðkennarar kynntu nokkur af hrossum skólans í keppni á árinu og gekk vel. Húshross í umsjón skólans voru 150-200, eftir viðfangsefnum og árstíma, en útigangur taldi 70-80 hross. Auk þess voru jafnan 20-30 hross í starfsmannahesthúsinu á Skeiðmel. Nemendur sóttu mikið um að koma að hrossum í hesthúsum skólans og ekki var hægt að sinna þeirri eftirspurn nema að hluta.



Frá reiðnámskeiði

Rannsóknir

Helstu rannsóknir á árinu voru á sviði þjálfunarlífeðlisfræði og hreyfingafræði. Starfsmenn deildarinnar greindu frá niðurstöðum rannsókna í ræðu og riti. Fjórar vísindagreinar voru birtar í erlendum rittrýndum vísindatímaritum. Fyrirlestrar voru einnig haldnir á innlendum ráðstefnum. Fjölmörg smærri nemendaverkefni settu jafnframt svip á skólastarfið á haustönn.

Önnur verkefni

Kynbótasýning á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins var haldin að Hólum á árinu. Einnig hafa tengsl skólans við hestamenn í héraði aukist þar sem hestamannafélagið Skagfirðingur hefur komið með hluta af sínum félagsmótum heim að Hólum. Íslandsmót yngri flokka var haldið um miðjan júlí þar sem nokkur hundruð ungmenni af öllu landinu kepptu sín á milli í hinum ýmsu greinum hestamennskunnar.

Samstarf við Landsamband hestamanna og ÍSÍ var nokkuð á árinu og var fimm stiga þjálfaranám fyrir hestamenn sett á laggirnar þar sem Knapamerkin og nám við Hestafræðideild eru lögð til grundvallar. Hestamenn urðu þannig fyrsta aðildarfélag ÍSÍ til að koma sér upp fimm stiga þjálfaranámi. Skólinn hefur umsjón með Knapamerkjunum, en í henni felst ýmiss konar umsýsla og þjónusta við reiðkennara og nemendur, s.s. sala kennslubóka og skráning prófniðurstaðna. Heldur færri þreyttu Knapamerkjaþróf en árið 2016 en alls voru skráð 250 próf í gagnagrunn Knapamerkjakerfisins á árinu.

Tveir veglegir styrkir fengust til vinnu við Knapamerkin á árinu og var lokið við þýðingu fyrstu þriggja stiga Knapamerkjabókanna á ensku, þær prentaðar og sala hafin. Auk þessa fékkst styrkur til að ljúka endurskoðun og þýðingu á Knapamerkjabókum fjögur og fimm og var unnið að endurskoðun þeirra, en í framhaldinu verða þær þýddar. Starfsmenn deildarinnar tóku einnig þátt í verkefnum innan Erasmus samstarfsins.

Mikið var um heimsóknir innlendra og erlendra hestamannahópa til deildarinnar á árinu og var þeim sýnd aðstaðan og starfsemin kynnt. Einnig kom afrekshópur LH sem í eru 16 ungmenni sem náð hafa athygliverðum árangri í hestaíþróttum á árinu og hafa valist í þennan úrvalshóp. Þessi hópur hefur komið að Hólum undanfarin þrjú ár og ásamt þjálfurum dvalið við æfingar eina helgi. Hafa ungmennin einnig notið kennslu frá kennurum í Hestafræðideild, aðallega reiðkennurum.

Nokkur námskeið voru haldin á vegum deildarinnar á árinu og má þar sérstaklega nefna námskeið með Hilary Clayton sem nemendur, kennarar og fagstéttir (dómarar, tamningamenn, dýralæknar og þjálfarar) sóttu. Námskeið þetta snerist um hreyfingafræði hrossa og var að mestu á fyrirlestraformi

Þrír starfsmenn deildarinnar sóttu stjórnendanámskeið á vegum Strategic Leadership þar sem styrkleikamiðuð stjórnun er grundvöllur að nálgun stjórnenda í samstarfi.

Deildarstjóri sat í stjórn Söguseturs íslenska hestsins en helstu verkefni þess á árinu voru: a) móttaka gesta yfir sumarmánuðina, og b) undirbúningur fyrir fræðslu og sýningar tengdar menningu hestamanna.



Frá reiðsýningu brautskráningarnema

Kennslu- og framhaldsnámssvið

Hlutverk kennslusviðs er að halda nemendaskrá, kennsluskrá og miðlun náms- og kennslutengdra upplýsinga til nemenda og kennara. Sviðsstjóri kennslusviðs er jafnframt sviðsstjóri framhaldsnámssviðs. Starfsmönnum sviðanna til fulltingis eru sérstakar nefndir, hvor á sínu sviði, kennslunefnd og framhaldsnámsnefnd, og bera þær meðal annars ábyrgð á gæðastjórnun námsins. Um svið þessi og nefndir er fjallað í greinum 8. og 9 í starfsreglum Háskólans á Hólum.

Á árinu störfuðu þrír starfsmenn í 1,30 stöðugildum á kennslu- og framhaldsnámssviði. Auk verkefnastjóra (sviðsstjóra) í fullu starfi er námsráðgjafi í 20% stöðu (starfar annars hjá LbhÍ og HÍ) og alþjóðafulltrúi í 10% stöðu (sami einstaklingur sinnir stöðu alþjóðafulltrúa hjá LbhÍ).

Við Háskólann á Hólum hefur á undanförnum árum verið boðið upp á sjö námsleiðir í grunnnámi, en á árinu 2017 bættist hin áttunda við: BA-nám í stjórnun ferðaþjónustu og móttöku gesta. Allt nám í Hestafræðideild er staðnám, en allar grunnnámsleiðir í öðrum deildum eru í boði sem staðnám eða blandað nám, þ.e. fjarnám með staðbundnum lotum. Ekki bárust nægilega margar umsóknir um staðnám í Ferðamáladeild eða í fiskeldisfræði til að um það yrði að ræða veturinn 2017 - 2018.



Brautskráning að vori

Vorið 2017 bárust alls 159 umsóknir um grunnnám, þar af 96 í Ferðamáladeild, 50 í Hestafræðideild og 13 í Fiskeldis- og fiskalíffræðideild. Brautskráningar úr grunnnámi voru 73. Hvorki var um að ræða að Hólanemar væru í skiptinámi erlendis né að erlendir skiptinemar dveldu hér við nám (sjá þó síðar, um erlenda rannsóknaverknema). Nokkuð var um gestanám milli opinberu háskólanna. Yfirlit um brautskráningar og innritaða nemendur er að finna í töflu 1. Fjöldi innritaðra í töflunni miðast við 15. október 2017 og nær yfir þá sem eru innritaðir til náms á háskólaárinu 2017 – 2018. Tölur um brautskráningar miðast við allt árið 2017.

Alls lögðu 10 einstaklingar stund á meistaranám við Háskólann á Hólum á almanaksárinu 2017. Einn brautskráðist með MS í sjávar- og vatnalíffræði í júní, og einn lauk meistaraþrófsvörn í ferðamálafræði á haustdögum og mun útskrifast í júní 2018. Í árslok eru níu nemendur innritaðir í meistaranám við skólann.

Auk þess er nokkrum doktorsnemum leiðbeint af sérfræðingum Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar. Deildin tók enn fremur á móti sjö erlendum rannsóknarverknemum á árinu, og sex nemendur Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna njóta leiðsagnar starfsmanna deildarinnar, frá því um veturnætur.

Tafla 1. Nemendafjöldi í grunnnámi. Fjöldi innritaðra í töflunni miðast við 15. október ár hvert og nær yfir þá sem eru innritaðir til náms á háskólaárinu 2017 – 2018. Tölur um brautskráningar miðast við allt árið.

Námsleið	Alls innritaðir	Þar af nýnemar	Brautskráðir á árinu
Diplóma í viðburðastjórnun	37	13	21
Diplóma í ferðamálafræði	6	5	1
BA í ferðamálafræði	44	25	22
BA í stjórnun ferðaþ. og móttöku gesta	12	10	0
Diplóma í fiskeldisfræði	10	7	7
Diplóma - leiðbeinendapróf	0		4
Diplóma í tamningum	0		0
BS í reiðmennsku og reiðkennslu	54	20	18
Alls	163	80	75

Reglulegir fundir kennslunefndar eru boðaðir einu sinni mánuði frá ágúst og fram í maí. Einstök mál eru þó gjarna afgreidd með tölvupósti eða aukafundum, einkum með það að markmiði að flýta afgreiðslu þeirra. Formlegir fundir eru því afboðaðir ef engin mál liggja fyrir. Nefndin kemur auk þess að inntökuprófum umsækjenda sem óska eftir undanþágu frá stúdentsprófi, og að afgreiðslu umsókna um mat á fyrra námi.

Fundir framhaldsnámsnefndar á árinu voru tveir. Umsóknir um meistaranám voru afgreiddar með tölvupóstsamskiptum, og á sama hátt var unnið að endurskoðun framhaldsnámsreglna, sem og að undirbúningi að gerð leiðbeiningarsamninga, sem voru teknir í notkun við inntöku nýrra meistaranema á haustönn 2017.



Frá brautskráningu í Menningarhúsinu Miðgarði

Rannsóknasvið

Starfsemi

Hlutverk rannsóknasviðs er að hafa yfirumsjón með samræmingu rannsókna skólans, og veita aðstoð við gerð umsókna og stýringu rannsóknaverkefna. Sviðstjóri er jafnframt prófessor (á árinu tók Skúli Skúlson tók við hlutverkinu af Helga Thorarensen) og með honum starfar rannsóknarnefnd sem í eru fulltrúar allra deilda. Á árinu samþykkti Fiskeldis- og fiskalíffræðideild rannsóknastefnu sína, en hélt áfram vinnu við gerð viðauka við stefnuna. Ferðamála- og Hestafræðideild unnu sömuleiðis að gerð rannsóknastefnu. Rannsóknarnefnd mótaði áherslur sínar til eflingar rannsókna samkvæmt stefnu skólans, sem kynntar voru og ræddar á starfsmannafundi 29. maí. Áherslurnar taka m.a. til stefnu deilda um rannsóknir, þróun rannsóknamenningar skólans og þátttöku rannsóknanema.

Rannsóknir koma nú meira við sögu í öðrum hring gæðamats Gæðaráðs háskólanna, t.d. er „management of research“ nú hluti af mati faglegra eininga (Subject Level Reviews), sjá 2. útgáfu gæðahandbókar. Sjálfsmat faglegra eininga var efni málþings Ráðgjafarnefndar Gæðaráðs háskólanna 16. nóvember, og þar var sviðsstjóri rannsóknasviðs ritari umræðuhóps um mat á rannsóknastefnum.

Á árinu voru sértekjur skólans tengdar þekkingarstarfsemi 148,5 m.kr., þar af voru 72,2 m.kr. frá innlendum samkeppnissjóðum – aðallega Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís), og AVS (Aukið verðmæti sjávarfangs) rannsóknasjóði í sjávarútvegi, og 3,4 m.kr. frá erlendum samkeppnissjóðum.

Rannsóknavirkni

Árið 2017 voru 24 akademiskir starfsmenn við skólann með rannsóknaskyldu (virkir rannsakendur). Rannsóknasvið hefur tekið saman upplýsingar um rannsóknavirkni sérfræðinga skólans undanfarin ár (sjá töflu 2 og viðauka I). Auk þessara upplýsinga var ein bók gefin út af kennurum skólans. Í heildina er virknin nokkuð stöðug, en athygli vekur að fyrirlestrum og veggspjöldum á innlendum og erlendum ráðstefnum hefur fjölgað á undanförunum árum, sem endurspeglar aukna miðlun á rannsóknaniðurstöðum og að nú sækja fleiri akademiskir starfsmenn ráðstefnur. Á árinu var vitnað 237 sinnum til ritrýndra greina kennara og nemenda skólans. Lögð er aukin áhersla á að meta samfélagslega virkni skólans. Ef litið er til opinberra

viðburða skipulagðra af skólanum - svo sem sýninga, tónleika, fyrirlestra og ráðstefna - sem eru aðgengilegir fyrir almenning voru þeir 59 talsins.

Tafla 2. Rannsóknavirkni starfmannna Háskólans á Hólum á árunum 2012-2017.

Gerð birtingar	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Bókakaflar		1	5	5	1	7
Greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum	13	10	14	11	7	11
Greinar í öðrum ritrýndum tímaritum og ritröðum	1	7	4	2	1	0
Greinar í ráðstefnuritum	3	1	9	3	1	1
Fyrirlestrar og veggspjöld á ráðstefnum	23	50	52	49	61	74
Ritstjórn bóka og tímarita	5	5	5	1	2	3
Skipulag alþjóðlegra ráðstefna		5			1	1
Opinberir boðsfyrirlestrar					7	11
Erindi á málþingi, málstofu eða fundum faghópa					10	11
Fræðilegar skýrslur, ritdómar og aðrar greinar					8	1



Rannsókn á laxfiskum í straumvatni

Viðauki I. Birtingar

Bókakaflar

Áskell Heiðar Ásgeirsson. 2017. Landsmót í faðmi fjallanna á Hólum í Hjaltadal. Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir (ritstj.), Rannsóknir á Landsmóti hestamanna: Hólar 2016. Hólum: Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir. 2017. Rannsóknir á Landsmóti hestamanna – inngangur. Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir (ritstj.), Rannsóknir á Landsmóti hestamanna: Hólar 2016. (Bls. 3-8). Hólum: Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir. 2017. Rannsóknir á Landsmóti hestamanna: Helstu niðurstöður. Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir (ritstj.), Rannsóknir á Landsmóti hestamanna: Hólar 2016. (Bls. 60-63). Hólum: Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

Guðrún Helgadóttir og Katherine Dashper. 2017. Kæru erlendu gestir og vinir íslenska hestsins. Guðrún Helgadóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir (ritstj.), Rannsóknir á Landsmóti hestamanna: Hólar 2016. (Bls. 13-16). Hólum: Ferðamáladeild Háskólans á Hólum.

